

E.E.S. og samgöngumál.

Sá hluti samningsins sem snertir Ísland í samgöngumálum er aðallega vegna sjóflutn. og loftflutn. Einnig fjarskiptapjónustu.

Það mun þýða frjáls flutn. á sjó milli aðildarríkjanna og milli aðildarríkjanna og landa utan bandalagsins. Bannað er að gera samning um farmskiptingu í samningum við þriðju lönd.

Erlend skipafélög geta því hafið samkeppni við okkar skipafélög.

Akvæði er um að samningsaðilar skuli auka þessa samvinnu.

Engar einhliða innlendir takmarkanir skulu vera á flutningi tiltekins varnings skipa sem sigla undir þjóðfána.

Stefnumótun E.B. hefur miðað að því að styrkja stöðu kaupskipaútgerðar. Ísl. stjórnvöld verða að aðlaga sig reglum E.B: um siglingar milli E.B og Íslands. Ekki má mismuna með magntakmörkunum eða forgangi að flutningum. Ekki hefur náðst samkomulag um strandsiglingar, en aðgangur frjáls að siglingum milli landa. (Með E.E.S samningi hefði rekstur Skipaútgerðar ríkisins verið bannaður, þar sem þar var um niðurgr. flutningsgjöld að ræða)

Komi upp ágreiningur skal honum vísað til Sameiginlegu E.E.S nefndarinnar.

Loftferðir:

EB setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutn. í lofti. Um markaðsaðgang gildir reglugerð EB um aðgang flugfélaga að áætlunarleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði fyrir farþega milli flugfél. í áætlunarflugi milli aðildarríkjanna.

Stefnt er að því að koma á frelsi í áætlunarflugi og væntanlega einnig leiguflugi. Flugsamgöngur hafa byggst á tvíhliða samningum milli ríkja. Það byggist á yfirráðarétti þjóða yfir lofthelgi sinni. Samningarnir hafa komið inn á markaðsaðgang, sætaframboð, fargjöld. Þeir hafa takmarkað athafnafrelsi en jafnframt verndað gegn samkeppni.

Nú er áformað að það breytist í 3 áföngum og tekur 3. áfangi gildi 1. jan. 1993, og stefnir í að öll höft á skiptingu sætaframboðs verði afnumin.

Ekki má mismuna flugfélögum í innanlandsflugi eftir skrásetningu þeirra innan ríkja E.E.S. og alls ekki aðgang að flugvelli sem um fara meira en 30.000 farþegar á ári, en þ.e. Rvk. Keflavík., Ísafj. Akureyri. Egilsst. og Vestm.eyjar. Þó á að vera hægt að takmarka aðgang þar sem stuðningsaðgerðir eru réttlættar vegna byggðasjónarmiða.

Stefnt er að frjálsri verðlagningu 1996. Þá er verið að skoða reglur sem gera á til flugmanna og nýjar kröfur um tæknilega getu flugfél.

Fjarskipti:

Markaðurinn verður opnaður fyrir öllum sviðum fjarskipta nema venjulega símtalþjónustu. Aðskilja skal eftirlit og rekstur á sviði fjarskipta. Ísland hefur aðlögunartíma til 1. jan. 1995.

J. U. K.